

Nd. 1014. Frumvarp til laga

um samkomudag reglulegs Alþingis 1945.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1945.)

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1945 skal koma saman 1. dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Reglulegt Alþingi 1945 á að koma saman eigi síðar en 15. febr. n. k., ef eigi verður öðruvísi ákveðið með lögum. Ríkisstjórnin telur hins vegar heppilegra, að þingið komi að þessu sinni saman 1. október, nema annað reynist óhjákvæmilegt. Eru til þess ýmsar ástæður, þ. á m. sú, að þing hefur nú starfað óslitið að heita má síðan 2. sept. og lokið þeim störfum, sem aðkallandi eru í bili. Er þá um tvennt að velja: að ljúka yfirstandandi þingi, en kveðja síðan saman nýtt þing eigi síðar en 15. febrúar n. k., er síðan yrði frestað til haustsins, eða að samþykkja á yfirstandandi þingi lög, er heimili að fresta að kalla saman þing þar til síðar á árinu.

Síðari leiðin hefur verið valin, m. a. vegna þess, að ella yrði að leggja fyrir hið nýja þing fjárlagafrumvarp, en ókleift mundi reynast að semja fyrir miðjan febrúarmánuð frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1946, er væri nægilega vel úr garði gert. En hitt er óviðfelldið að leggja fyrir þingið fjárlagafrumvarp, sem aðeins væri fram borið til að fullnægja bókstaf stjórnarskrárinnar og síðan yrði með ærinni fyrirhöfn að gerbreyta.